

Isabel Alejandra Diaz

Háskólasamfélagið okkar, þvert a haskola landsins, er gríðarlega stórt og fjölbreytt því það samanstendur af nemendum, kennurum og starfsfólki úr öllum áttum - það er okkar megin áhersla að vera samfelag í praktik en ekki bara hugmyndafræðilega. Á meðan algengara er að sjá karlkyns stjórnendur í akademíunni og stjórnsýslunni, er stúdentahópurinn að mestu konur. Nánar tiltekið eru konur 68% af heildarnemendafjölda við Háskóla Íslands. Sú skipting endurspeglast svo í stúdentahreyfingunni á landsvísu, ég hef til dæmis verið í stjórnnum, ráðum eða starfshópum þar sem konur eru í miklum n meirihluta og draga vagninn í baráttu stúdenta.

Samt sem áður fylgir alltaf ákveðinn efi um að hafa konur í forystuhlutverki, sérstaklega þegar ungt fólk á í hlut. Það er t.a.m. oft ekkert tiltökumál að fá karlmann til að leiða framboðslista án djúprar hugleiðingar, en það þykir reglulega vera ákveðin áhætta sem þarf að íhuga vel ef a ung kona á að leiða þennan sama framboðslista - það sama á nefnilega við á á vettvangi stúdentapólitíkur, á sveitarstjórnarstiginu eða á landsvísu. Það er vegna þess að umhverfið sem konur bjóða sig fram í er og hefur verið karllægt. Þannig urðu forverar mínir í starfi að varast fataval og hvernig þær komu fram á fundum, og reynt var að telja mér sjálfri trú af mótframbjóðanda um að ég hefði ekkert erindi í forsetaembættið SHÍ, eins og ég hefði ekki margra ára reynslu að baki. Síðan fékk ég óumbeðin ráð frá karlmanni í stjórnunarstöðu fyrirtækis um hvernig ég ætti að nálgast ráðherra vegna atvinnuleysisbótakröfu stúdenta, hagsmunamál sem ég þekki frá öllum hliðum og örugglega betur en sá sem gaf mér óumbeðna ráðgjöf. Ég svaraði þeim fyrirnefnda með því að verða fyrst kvenna af erlendum uppruna til að vera kjörin forseti Stúdentaráðs í 100 ára sögu þess, og þeim síðarnefnda ári seinna er ég varð fyrst kvenna, og önnur í sögunni, til að gegna því embætti í tvö ár í röð.

En ákvörðun um að skrá sig í nám snýst að mörgu leyti um fórnarkostnað; fresta því að vinna sér inn tekjur, stytta starfsævina og jafnvel að bera byrði námslána að námi loknu. Konur í háskólanámi eru mun fleiri í heilbrigðisvísindum, menntavísindum og félagsvísindum, á meðan leikurinn er jafnari í hugvísindum og karlar fleiri í verkfræði- og náttúruvísindum. Skipting kynja eftir fræðasviðum og deildum er síðan sterk vísbending um lárétta kynjaskiptingu vinnumarkaðar. Konur og karlar á vinnumarkaði eru í mismunandi störfum og atvinnugreinum, sem síðan skýrir að miklu leyti launamun kynjanna, sem þrátt fyrir markvissar aðgerðir til þess að draga úr þá eru enn mörg dæmi um hið andstæða.

Þá hefur hlutfall starfandi kvenna í námi mælst hærra en hlutfall starfandi karla, bæði samhliða námi og í námshléum. Það er virkilega áhugavert í samhengi við háskólaumhverfið og skerðingu á réttindum

háskólanemenda innan velferðarkerfisins - sem hefur sl. 2 ár verið eitt helsta baráttumálið okkar. Af þessum tölum má draga þá ályktun að vinnandi konur í námi standi frekar undir greiðslum í atvinnuleysistryggingasjóð, og á sama tíma og hlutfall þeirra kvenna hefur aukist frá aldamótum innan háskólastofnana hafa réttindi stúdenta á vinnumarkaði verið skert töluvert - hreinlega afnumin. Ungt fólk, sér í lagi háskólanemendur, eru líklegri til að starfa við framlínu og þjónustustörf sem oft eru láglounastörf er fela í sér áhættu, lakari kjör, minni uppskeru og geta hreinlega horfið í kreppuástandi. Það er því eðlilegt að velta því upp hvort að afnám félagslegra réttinda, svo sem atvinnuleysistrygginga, á meðan á námi stendur bitni frekar á konum - og jafnframt hvort sú birtingarmynd kynjamisréttis skili sér út á vinnumarkaðinn.

Þessir þættir haldast allir í hendur; kyn, stétt, menntun, fjárhagslegt öryggi; og búa til einskonar vítahring sem konur festast í. Það gerir það að verkum að þrátt fyrir gríðarlega þekkingu, reynslu, menntun, útsjónarsemi o.s.frv., leynast enn gegnumgangandi hindranir sem verða til þess að við náum ekki að mynda nema sprungur í glerþakið. Samfélagið sem við búum í á að einkennast af fjölbreytileika, gagnkvæmri virðingu, skilningi og stuðningi, og verður að endurspegla okkur öll með tölu - það er gerist ekki ef ekki allar raddir fá að heyrast. Réttindabarátta þarf að vera, og er, öflug, áherslur skýrar og markmiðin ljós, og þar verður sterk rödd kvenna að heyrast hátt og snjallt.